

Styrkir til krabbameinsrannsókna

71

styrkur

384

milljónir

Vísindasjóður Krabbameinsfélagsins

Markmið Vísindasjóðs Krabbameinsfélagsins er að efla rannsóknir á orsökum krabbameina, forvörnum, meðferð og lífsgæðum sjúklinga. 41 rannsóknarverkefni af fjölbreyttum toga hefur fengið styrk úr sjóðnum frá árinu 2017.

Á þessu ári er stefnt að því að a.m.k. 30% úthlutunar fari til klínískra rannsókna. Sérstaklega er hvatt til umsókna vegna rannsókna á krabbameinum hjá börnum þar sem sjóður Kristínar Björnsdóttur, sem ætlaður er slíkum rannsóknum, var hluti af stofnfé Vísindasjóðsins.

Rynkebysjóður Styrktarfélag krabbameinssjúkra barna

Á árunum 2017 - 2021 styrkti Team Rynkeby Ísland Styrktarfélag krabbameinssjúkra barna um 80 milljónir króna sem skyldu renna til rannsókna á krabbameinum hjá börnum. Í ár verður í fyrsta sinn úthlutað rannsóknarstyrkjum úr sjóðnum samhliða úthlutun úr Vísindasjóði Krabbameinsfélagsins.

Farið verður með umsóknir í Rynkebysjóðinn á sama hátt og umsóknir í Vísindasjóð Krabbameinsfélagsins, eftir því sem við á, þannig að faglegar kröfur Vísindasjóðs Krabbameinsfélagsins gilda. Úr sjóðnum er einungis hægt að sækja um styrki til rannsókna sem tengjast krabbameinum hjá börnum.

Frekari upplýsingar um umsóknir í báða sjóði

- Hámarksupphæð styrks úr hvorum sjóði er 10.000.000 kr.
- Sama verkefni getur fengið styrk að hámarki í þrjú ár
- Umsóknarfrestur rennur út á miðnætti **sunnudaginn 12. mars**
- Umsóknareyðublið, úthlutunarreglur og aðrar upplýsingar er að finna á www.krabb.is/visindasjodur/

Dæmi um rannsóknir sem fengu styrk úr Vísindasjóði á síðasta ári:



Erna Magnúsdóttir hlaut 4.793.400 kr. styrk til verkefnisins **BLIMP1 miðluð stjórnun á frumuhring í Waldenströmsæxlum.**



Tómas Guðbjartsson hlaut 1.920.000 kr. styrk til verkefnisins **Nýjungar í skurðmeðferð lungnakrabbameins á Íslandi.**



Valtýr Stefánsson Thors hlaut 5.647.397 kr. styrk til verkefnisins **Ónæmissvar barna eftir krabbameinsmeðferð - hvernig og hvenær er rétt að bólusetja?**

Vísindasjóður Krabbameinsfélagsins er fjármagnaður með styrkjum frá almenningi og fyrirtækjum í landinu. Með þeim styrkjum hefur með sameinuðu átaki tekist að bylta stöðu krabbameinsrannsókna hér á landi.

